

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 141/2017

2019/EES/40/24

frá 7. júlí 2017

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/170 frá 30. janúar 2017 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bifentrín, karbetamíð, sínidónetyl, fenprópmorf og tríflúsúlfúrón í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/171 frá 30. janúar 2017 um breytingu á II., III., og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir amínópýralíð, asoxýstróbín, sýantranilípról, sýflúfenamíð, sýprókónasól, díetófenkarb, díþíókarbamöt, flúasífóp-P, flúópýram, haloxýfóp, ísófetamíð, metalaxýl, próhexadíón, própakvisafóp, pýrimetaníl, *Trichoderma atroviride* af stofni SC1 og soxamíð í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. og II. viðauka við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32017 R 0170:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/170 frá 30. janúar 2017 (Stjttíð. ESB L 30, 3.2.2017, bls. 1),
- **32017 R 0171:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/171 frá 30. janúar 2017 (Stjttíð. ESB L 30, 3.2.2017, bls. 45).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32017 R 0170:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/170 frá 30. janúar 2017 (Stjttíð. ESB L 30, 3.2.2017, bls. 1),
- **32017 R 0171:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/171 frá 30. janúar 2017 (Stjttíð. ESB L 30, 3.2.2017, bls. 45).“

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 30, 3.2.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 30, 3.2.2017, bls. 45.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2017/170 og (ESB) 2017/171, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. júlí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.